

ur hylli og samhug hinna hugsandi manna. Vér óskum eðli-  
lega eftir því, að trú vor útbreiðist viða, og vér erum ekki að  
ástaðulausu ópolinmóðir yfir afturhaldi því, sem kemur í veg  
fyrir að margir skilja við hið gamla og úrelta, sem hefir mist  
gildi sitt, og finna fult frelsi fyrir sjálfa sig í vorri trú. Þegar  
eg hugsa um hvernig trú vor geti náð fljótri og mikilli út-  
breiðslu, sem hin viðurkenda sanna mynd hins upplýsta krist-  
indóms, þá dettur mér æfinlega í hug þrjár aðferðir, Fyrsta  
aðferðin snertir oss alla, önnur snertir nokkra af oss og hin  
þriðja er máske ekki á valdi neinna.

Fyrsta aðferðin til að útbreiða trú vora á meðal allra  
manna er að vér finnum í henni fullnægingu trúarþarfa vorra.  
Fyrsta tilhneicing vor, þegar vér brjótum oss lausa frá ein-  
hverri rangri trú, er að eins að sýna fram á villurnar í staðhæf-  
ingum þeirrar trúar og þannig að ná vitsmunalegum sigri yfir  
henni. En vér verðum að sýna að hin nýja trúarstefna vor  
hafi eins góða, ef ekki betri, hjálp til reiðu fyrir syndir, ógæfu  
og sorgir mannanna, og gamla trúin sein vér yfirlágum. Ef eg  
ekki findi að trú vor unitara virkilega fullnægir þessum sálar-  
þörfum, þá mundi eg álíta hana mjög ófullkomna trú. En  
mér hefir ekki reynst hún ófullkomin. Lækning allra mann-  
legra sorga og meina er guð, og með því að gerast unitari öðl-  
aðist eg þá fullvissu, að míni mannlega tilvera stæði í lifandi  
sambandi við guð. Að hann hefði ótakmarkaðan kærleik og  
mátt til þess að láta sína eigin gjöf í mínum mannlegu hæfileik-  
um verða að fullum notum. Eg fékk þá vissu að hann, sem  
talaði til míni í gegnum mínar eigin hugsjónir, sem veitti mér  
hvatningu og uppörfun með þeim, gat fullnægt öllum mínum  
þörfum, með ótakmörkuðum kærleik og samhug, og hin stöð-  
uga óendenlega umhyggja var mér fagnaðarefní í blíðu og stríðu  
Eg er sannfærður um, að vér allir finnum slíka fullvissu og eg  
held því fram að vér ættum að birta þessa trúarvissu öðrum  
með einlægum áhuga, svo enginn hafi ástæðu til að halda, að  
trúarbrögð vor séu að eins hæli fyrir þá, sem efast án hinnar  
andlegu huggunar og trausts, sem í öðrum trúarbrögðum sé að  
finna. Og þegar vér útbreiðum þessa kosti trúar vorrar, þá